# Jafnréttisskimun

**Netfang**

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

**Nafn verkefnis/tillögu**

Að stögildum í Vettvangs- og ráðgjafarteymis velferðarsviðs verði fjölgað til að veita næturþjónustu.

**Tengiliður**

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

**Svið**

VEL

**Þjónustuþáttur**

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir

**Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna**

Annað

**Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?**

Já

**Áætlaður kostnaður verkefnis**

60000000 kr.

**Lýsið tillögunni og markmiðum hennar**

Í endurskoðaðri aðgerðaráætlun um stefnu í málefnum heimilislausa er áætlað að styrkja þurfi Vettvangs- og ráðgjafarteymi velferðarsviðs m.a. vegna aðgerða um fjölgun húsnæðisúrræða með stuðningi. Með möguleikum á að veita næturþjónustu verður betur hægt að bregðast við atvikum sem upp koma sem og auka stuðning á vettvangi og í úrræðum fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?**

Já

**Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?**

Þegar stefnan var mótuð voru rannskóknir jafnframt rýndar sem og samráð haft við ýmsa aðila.

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?**

Markhópur eru heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir í þjónustu VoR teymis og þurfa mögulega næturþjónustu. Þjónustan verður þróuð áfram m.t.t reynslu og þarfa markhóps.

**Eru til kyngreind gögn um þá hópa?**

Já

**Hvað segja gögnin?**

Reglulega eru lykiltölur í málaflokknum rýndar en nokkuð góð yfirsýn er utan um helstu lykiltölur. Haldið er utan um allar lykiltölur varðandi málaflokkinn. Bæði er hægt að skoða lykiltölur sem varða þá einstaklinga sem nýta neyðarskýli Reykjavíkurborgar (s.s. fjölda einstaklinga, kyn, uppruna, fjölda gistináttta og fl.) sem og þá sem sækja um húsnæði (S-5 kerfi). Í janúar 2025 sinnir Vettvangs- og ráðgjafateymi stuðning við 29 konur (30%) og 68 karla (70%). Á biðlista eftir þjónustu eru átta konur (26%) og 23 karlar (74%).

**Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?**

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið**

Að vera heimilislaus getur haft ýmsar alvarlegar afleiðingar og oft eru margvísleg geðræn og líkamleg vandamál tengd erfiðum og oft harkalegum lifnaðarháttum þeirra sem eru heimilislausir. Vettvangs- og ráðgjafateymi (VoR) aðstoðar fólk sem er heimilislaust og með vímuefnavanda og geðvanda. Teymið veitir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning á vettvangi. Mikilvægt er að þjónustan við umræddan hóp geti verið sem fjölbreyttust þannig að auknar líkur séu á að hægt verði að bregðast við þjónustuþörf út frá einstaklingsbundnum þörfum m.a. með tilliti til kyns, aldurs, uppruna, persónubundinna aðstæðna, s.s. fötlunar. Næturþjónusta VoR teymis er liður í að Reykjavíkurborg heldur áfram að þróa þessa mikilvægu þjónustu.

**Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar**

Tillagan/Verkefnið hefur jákvæð jafnréttisáhrif

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?**

Nei

**Annað?**

Reykjavík